

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/709
komudagur 4.12.2007

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Kópavogi, 5. desember 2007
0711380/022.32 SS

Efni: Frumvarp til laga um sölu áfengis og tóbaks.

Á fundi forvarnanefndar Kópavogsbæjar þann 9. nóvember sl. var eftirfarandi bókað:

Ályktun forvarnanefndar um frumvarp til laga um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks. Samþykkt samhljóða:

„Forvamanefnd Kópavogs leggst gegn frumvarpi sem nú er tii meðferðar á Alþingi um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks, þskj. 6 - 6 mál.

Reynsla annarra þjóða og rannsóknir hafa sýnt að aukið aðgengi að áfengi leiðir af sér meiri áfengisneyslu meðal ungs fólks. Þetta vinnur þvert á markmið forvamanefndar, sem m.a. er að draga úr neyslu ungs fólks og skapa börnum og ungmennum jákvætt og heilbrigt umhverfi til að alast upp í.“

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 27. nóvember sl. var eftirfarandi bókað:

Bæjarstjórn Kópavogs tekur undir bókun forvamanefndar Kópavogs frá 9. nóvember síðastliðnum um frumvarp til breytinga á lögum um sölu áfengis, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



Páll Magnússon
bæjarritari